

## 26. Skrokkölduvirkjun úr Hágöngulóni<sup>1</sup>

Virkjuðu rennsli er veitt eftir um 9 km löngum jafnt hallandi göngum frá Hágöngulóni, sem er nú þegar fyrir hendi, að neðanjarðar stöðvarhúsi vestan í Skrokköldu. Göngin opnast inn í Hágöngulón í 790 m hæð y.s. milli Syðri- og Nyrðri-Hágöngu. Frá stöðvarhúsi munu liggja um 2,5 km löng, um 4 m víð frárennslisgöng sem opnast í Svörtubotnum nyrðri í um 620 m hæð y.s. röskum 2 km austan Kvíslavatns. Frá frárennslisgöngunum rynni vatnið yfir í Þúfuverskvíslar og með þeim í Kvíslavatn.

Uppsett afl virkjunarinnar er ráðgert 30 MW miðað við 20 m<sup>3</sup>/s virkjað rennsli og 173 m raunfallhæð. Vatnsvegir og mannvirki er tengjast virkjuninni yrðu að mestu neðanjarðar. Rennsli úr Hágöngulóni annað en leki og flóðvatn á yfirfalli færi um virkjunina í Kvíslavatn og þaðan eftir Kvíslaveitu niður í Sauðafellslón í stað þess að renna þangað úr Hágöngulóni eftir Köldukvíslarfarvegi eins og nú er.

Engin háspennulína er á svæðinu svo að leggja þyrfti línu til tengingar við núverandi landskerfi væntanlega við Vatnsfellsvirkjun í um 60 km fjarlægð frá Skrokköldu. Línan lægi væntanlega stystu leið en þó þannig að hún yrði sem mest í hvarfi frá Sprengisandsleið.

Helstu áhrif Skrokkölduvirkjunar að loknum framkvæmdum felast í um 2 km löngum frárennslisskurði og háspennulínu. Önnur sýnileg mannvirki á yfirborði verða gangamunnar, annars vegar vegna frárennslis og hins vegar aðkomu að stöð og vegur að þeim síðarnefnda, og ops sveifluþróar uppi í Skrokköldu. Á framkvæmdatíma yrði á hinn bóginn talsvert umleikis, enda gert ráð fyrir að göngin verði unnin með jarðgangaborvél.

### Yfirlitstafla


Kennistærðir	Skrokkölduvirkjun
Meðalrennsli til virkjunar (m <sup>3</sup> /s)	17,7
Vatnasvið (km <sup>2</sup> )	600
Yfirfallshæð Hágöngulóns (m y.s.)	816
Flatarmál Hágöngulóns (km <sup>2</sup> )	um 36
Miðlun (Gl)	321
Krónuhæð Hágöngustíflu (m y.s.)	821
Lengd aðrennslisskurða (km)	um 0,5
Lengd jarðganga (km)	um 11,8
Virkjað rennsli (m <sup>3</sup> /s)	20
Raunfallhæð (m)	173
Afl, Francis hverfill (MW)	30
Orkugeta (GWh/ári)	215
Hagkvæmniflokkur	4-5

<sup>1</sup> Virkjunin er hér nefnd Skrokkölduvirkjun til að forðast rugling við jarðhitavirkjun í Hágöngulóni. Verkís og Landsvirkjun Power, 2009. *Hágönguvirkjun. Tilhögun og umhverfi*. Skýrsla LV-2009/031, Mars 2009.



Yfirlitskort af Þjórsár-Tungnaárvæði með helstu virkjunum; í rekstri og undirbúningi.





© Landmælingaáskrifin, 1:50,000, 2008

0 1 2 km

Drög í vinnuáætlun yfirráðsmynd  
 Glögn N1. Gröðukort 201 og vatnsgæðugleik og vöðvaflokkun

### Hágönguvirkjun

-  Hagönguvirkjun
-  Hagönguvirkjun
-  Hagönguvirkjun